

# ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐABÓK

## SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

Árið 2009 fimmtudaginn 12. febrúar kom sveitarstjórn Húnaþings vestra saman til 154. fundar í Ráðhúsi Húnaþings vestra kl. 15:00. Mætt undirrituð. Oddviti setti fund.

Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerðir byggðarráðs. Formaðu kynnti.
  - a) Fundargerð 582. fundar 19. janúar. fundargerð í 8 liðum. Fundargerðin samþykkt með 6 atkvæðum.
  - b) Fundargerð 583. fundar 26. janúar. Fundargerð í 7 liðum. Lögð var fram svohljóðandi tillaga vegna 6. liðar: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framlagða tillögu frá félagsmálaráði að reglum um úthlutun íbúða í Nestúni 2-6 á Hvammstanga.“ Borinn undir atkvæði 6. liður fundargerðarinnar ásamt framangreindri tillögu og samþykkt með 7 atkvæðum. Aðrir liðir fundargerðarinnar samþykktir með 7 atkvæðum.
  - c) Fundargerð 584. fundar 2. febrúar. Fundargerð í 11 liðum. Lögð var fram svohljóðandi tillaga vegna 9. liðar: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framlagðan leigusamning milli Húnaþings vestra og Sneglu ehf. um leigu íbúðarhúsnæðis að Búlandi 3B á Hvammstanga til 5 ára.“ Borinn undir atkvæði 9. liður fundargerðarinnar ásamt framangreindri tillögu og samþykkt með 4 atkvæðum. Aðrir liðir fundargerðarinnar samþykktir með 7 atkvæðum.
  - d) Fundargerð 585. fundar 9. febrúar. Fundargerð í 6 liðum. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.
2. Fundargerð 157. fundar skipulags- og umhverfisráðs 5. febrúar. Fundargerð í 4 liðum. Oddviti kynnti. Lögð var fram svohljóðandi tillaga vegna 1. liðar: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að auglýsa og kynna framlagða deiliskipulagstillögu fyrir smábýli austan Höfðabrautar á Hvammstanga, framlagða tillögu um breytingu á deiliskipulagi fyrir athafnasvæðið við Búland á Hvammstanga og framlagða tillögu um breytingu á þéttbýlisuppdrætti Aðalskipulags Húnaþings vestra 2002-2014 fyrir Höfðabraut, Eyrarland og Búland.“ Borinn undir atkvæði 1. liður fundargerðarinnar ásamt framangreindri tillögu og samþykkt með 6 atkv. gegn 1. Lögð var fram svohljóðandi tillaga vegna 2.a. liðar: „Að fenginni umsögn skipulags- og umhverfisráðs gerir sveitarstjórn Húnaþings vestra ekki athugasemd við að Sýslumaðurinn á Blönduósi gefi út endurnýjað og breytt rekstrarleyfi til Söluskálans Hörpu ehf. á Hvammstanga.“ Borinn undir atkvæði 2.a. liður fundargerðarinnar ásamt framangreindri tillögu og samþykkt með 7 atkvæðum. Aðrir liðir fundargerðarinnar samþykktir með 7 atkvæðum.
3. Fundargerð 94. fundar félagsmálaráðs 21. janúar. Fundargerð í 3 liðum. Oddviti kynnti. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.

### Tillaga að reglum um úthlutun íbúða í Nestúni 2-6 á Hvammstanga.

1. Íbúðir í Nestúni 2-6 eru leiguíbúðir fyrir aldraða.

2. Forgang að leiguíbúðum í Nestúni 2-6 hafa þeir sem náð hafa 60 ára aldri og eiga lögheimili í Húnaþingi vestra eða Bæjarhreppi.
3. Við úthlutun skal tekið tillit til heilsufars- húsnæðis- og félagslegra aðstæðna umsækjenda. Við ofangreint mat skal leita umsagnar þjónustuhóps aldraðra.
4. Félagsmálaráð úthlutar íbúðunum í umboði sveitarstjórnar.

4. Fundargerð 83. fundar menningar- og tómstundaráðs. 21. janúar. Fundargerð í 5 liðum. Oddviti kynnti. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.

5. Fjárhagsáætlun fyrir árin 2010, 2011 og 2012 fyrir sveitarsjóð Húnaþings vestra og fyrirtæki. Síðari umræða. Sveitarstjóri kynnti áætlunina. Oddviti lagði fram svohljóðandi tillögu að loknum umræðum: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framlagða fjárhagsáætlun fyrir árin 2010, 2011 og 2012 fyrir sveitarsjóð Húnaþings vestra og fyrirtæki.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið kl. 16:55.

Ólafur B. Óskarsson fundarritari (sign.),  
Guðný Helga Björnsdóttir(sign.),  
Rakel Runólfsdóttir(sign.),  
Gunnar Þorgeirsson(sign.),  
Stefán Böðvarsson(sign.),

Elín R. Líndal(sign.),  
Þ. Karl Eggertsson(sign.),  
Oddur Sigurðarson(sign.),  
Skúli Þórðarson(sign.).